

HAMPIÐJAN

VERSLUN

ALLT Á EINUM STAÐ

Ólafsbraut 19 - 436 1214 - www.voot.is

JÖKULL

1140. tbl - 24. árg.

19. desember 2024



Snjófjölskylda varð til



Það var kátt á hjalla á Leikskólum Snæfellsbæjar mánudaginn 16. desember. Það hafði snjóað töluvert aðfaranótt mánudags og

var mikið leikið sér í útiverunni þegar stórir sem smáir skemmtu sér í snjónum. Meðfylgjandi mynd er tekin á leikskólanum Krílakoti eftir að börn ásamt starfsfólki leikskólans höfðu farið í snjókalla-

gerð. Hópurinn lét sér þó ekki nægja að gera einn snjókall og henti upp heilli fjölskyldu á leikskólalóðinni, börnunum til mikillar ánægju.

SJ



FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is



Útgáfa Jökuls á næstunni

Jólablað Jökuls kemur út mánudaginn 23. desember, efni, jólakveðjum og auglýsingum þarf að skila fyrir kl. 16 fimmtudaginn 18. desember.

Jökull kemur ekki út á milli jóla og nýárs, fyrsta blað á nýju ári kemur út 9. janúar.



STEINPRENT
436 1617 - steinprent@simnet.is - steinprent.is

Vigfús fagnaði 100 ára afmæli

Vigfús Kr. Vigfússon náði stórmerkilegum áfanga þann 14. desember síðastliðinn þegar hann fagnaði aldarafmæli. Vigfús, eða Vivvi eins og margir þekkja hann, er elsti núlifandi íbúi Snæfellsbæjar. Hann er byggingameistari og fæddist á Hellissandi 14. desember 1924. Vivvi fagnaði þessum áfanga með stórveislu í félagsheimilinu Klifi á sjálfan afmælisdaginn. Þar komu saman fjölskylda, ættingjar og vinir Vivva til að fagna áfanganum og mannum.

Vivvi hefur sett mark sitt á ásýnd og uppbyggingu Snæfellsbæjar sem og bæjarlífið með því að byggja upp fjölmörg hús og mannvirki, með virkri þátttöku í stjórnar-, nefndar- og félagsstörfum auk þess sem hann rak verslunin Vík lengi vel ásamt eigin konu sinni, Herdísí Kristjönu Hervinsdóttur. Það var margt um manninn í 100 ára afmælinu og var Vigfús þar hrókur alls fagnaðar



en hann ber aldurinn vel.

Meðfylgjandi mynd tók Heiðar Elvan Friðriksson af Vigfúsi í afmælinu.

SJ

Snæfellsbær framlengir ríkulegan afslátt af gatnagerðargjöldum

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða á bæjarstjórnarfundum síðustu viku að framlengja afslátt gatnagerðargjalda til loka árs 2025.

Afslátturinn nemur 90% af gatnagerðargjöldum íbúðarhúsnæðis í þéttbýli Snæfellsbæjar og 50% af gatnagerðargjöldum iðnaðarhúsnæðis í þéttbýli Snæfellsbæjar.

Afslátturinn tekur til allra lóða sem þegar eru tilbúnar til út-

hlutunar. Afslátturinn gildir til 31. desember 2025.

Lækkun gatnagerðargjalda felur í sér mikinn sparnað fyrir húsbýggjendur og standa vonir til að veittur afsláttur styðji við uppbyggingu á nýjum íbúðarhúsum og hvetji til áframhaldandi byggingarframkvæmda í þéttbýliskjörnunum þremur.

Hægt er að sjá lausar lóðir á kortavef Snæfellsbæjar:

Jökull á Issuu



JÖKULL

Upplag: 500
Áb.maður: Jóhannes Ólafsson
Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ
Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617

Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði,
Blaðið kemur út vikulega.



Bifreiðaverkstæði / Egis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn



Leikfangahappdrætti Lionsklúbbs Nesþinga.

Árlegt jólahappdrætti Lkl. Nesþinga verður haldið 23. desember kl. 17:00 og hvetjum við alla til að mæta.

Miðar verða til sölu í Hraðbúð Hellissands og Fönix og á Þorláksmessu í félagsh. Röst á milli kl. 16-17.

ATH posi á staðnum.



Fjöldi veglegra vinninga

Aðeins dregið úr seldum miðum.

Miðaverð 300kr.

OPNUNARTÍMAR UM HÁTÍÐARNAR

Vínbúðin Ólafsvík

Föstudagur	20. desember	13-19
Laugardagur	21. desember	11-14
Sunnudagur	22. desember	Lokað
Mánudagur	23. desember	13-19
Þriðjudagur	24. desember	11-13
Miðvikudagur	25. desember	Lokað
Fimmtudagur	26. desember	Lokað
Föstudagur	27. desember	13-19
Laugardagur	28. desember	11-14
Sunnudagur	29. desember	Lokað
Mánudagur	30. desember	13-19
Þriðjudagur	31. desember	11-13
Miðvikudagur	1. janúar	Lokað
Fimmtudagur	2. janúar	14-18

Vínbúðin Stykkishólmi

Föstudagur	20. desember	14-19
Laugardagur	21. desember	11-14
Sunnudagur	22. desember	Lokað
Mánudagur	23. desember	14-18
Þriðjudagur	24. desember	11-13
Miðvikudagur	25. desember	Lokað
Fimmtudagur	26. desember	Lokað
Föstudagur	27. desember	14-19
Laugardagur	28. desember	11-14
Sunnudagur	29. desember	Lokað
Mánudagur	30. desember	14-19
Þriðjudagur	31. desember	11-13
Miðvikudagur	1. janúar	Lokað
Fimmtudagur	2. janúar	14-18

Vínbúðin Grundarfirði

Föstudagur	20. desember	14-18
Laugardagur	21. desember	Lokað
Sunnudagur	22. desember	Lokað
Mánudagur	23. desember	14-18
Þriðjudagur	24. desember	11-13
Miðvikudagur	25. desember	Lokað
Fimmtudagur	26. desember	Lokað
Föstudagur	27. desember	14-18
Laugardagur	28. desember	Lokað
Sunnudagur	29. desember	Lokað
Mánudagur	30. desember	14-18
Þriðjudagur	31. desember	11-13
Miðvikudagur	1. janúar	Lokað
Fimmtudagur	2. janúar	16-18

Nánari upplýsingar um opnunartíma er að finna á vinbudin.is

 VÍNBUÐIN

Við minnum á að áfengiskaupaaldurinn á Íslandi er 20 ár og biðjum fólk að hafa skilríki meðferðis.

Myndmenntastofan valin sem áhugavert námsumhverfi

Samtök áhugafólks um skólaþróun efndi í haust til samkeppni um áhugavert námsumhverfi. Var fólk hvatt til að senda inn myndir, greinagóða lýsingu og uppdrátt af námsumhverfinu í sínum skóla til Skólaþróunar. Margir kennarar, sem og þeir sem skipuleggja félags- og tómstundastarf, leggja rækt við að skipuleggja frjótt og skapandi umhverfi fyrir nemendur.

Á annan tug lýsinga bárust og var dregið fimm úr þeim hópi sem hlutu svo viðurkenningu. Ingiríður Harðardóttir, myndmenntakennari við Grunnskóla Snæfellsbæjar, sendi myndir og lýsingar á myndmenntastofunni sinni í skólahúsinu á Hellissandi þar sem hún kennir nemendum í 1. til 10. bekk. Hún var einnig á meðal þeirra fimm sem voru valin sem áhugavert námsumhverfi.

Inga leggur áherslu á að stofan vekji forvitni og áhuga nemenda en hún telur það mikilvægt til þess að nám fari fram auk þess að mikilvægt sé að þeim líði vel í stofunni. Leitast hún við að tengja nemendur sína við nánasta um-

hverfi sitt í gegnum staðbundnar sögur og sagnarönn úr þjóðsögum, ævintýrum og goðafræði, ásamt því að vinna með nánasta umhverfi, náttúru og veðurfar, til dæmis í tengslum við útikennslu og að taka náttúruferni inn í stofuna sem hluta af námsumhverfinu og sem uppsprettu fyrir sköpun. Til að mynda er hún með skál á kennaraborðinu með ýmsum gripum sem Inga telur að nemendur geti haft áhuga á að skoða og þreifa á. Oft leynast þar gripir sem nemendur koma með úr fjöruferðum, finna á skólalóðinni eða í nágrenni skólans.

Grunnskóli Snæfellsbæjar vann til Íslensku menntaverðlaunanna 2022 fyrir námskrá sem kennd er við áttahagafræði og beinist að því að efla jákvæð og virk tengsl skóla og samfélags, þekkingu nemenda á heimabyggð sinni og auka fjölbreytni í námi.

Nánari lýsingu á skólastofunni má lesa á www.skolathraedir.is, tímariti samtaka áhugafólks um skólaþróun.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



Leikfangahappdrætti Lionsklúbbs Ólafsvíkur

Happdrættismiðar í leikfangahappdrætti Lionsklúbbs Ólafsvíkur eru komnir í sölu, sölustaðir eru: Verslunin Kassinn, Verslunin Hrund og Hampiðjan.

Úrdráttur í leikfangahappdrætti Lionsklúbbs Ólafsvíkur fer fram í félagsheimilinu Klifi á aðfangadag kl. 11.

**Útgefnir miðar 2.500,
aðeins dregið úr seldum miðum.**

Lionsklúbbur Ólafsvíkur

Sögulegar kosningar og nýtt flokkakerfi



Það er ljóst að í þessum kosningum hafa orðið mikil umskipti. Sjálfstæðisflokkur er ekki lengur stærsti flokkur. Hans sögulega hlutverki er endanlega lokið. Samfylkingin er stærsti flokkur og forystuflokkur í nýrri skipan stjórnmála. Ísland líkist nú Norgegi og Danmörku. Nán tengsl eru

nú á milli samtaka launafólks og Samfylkingar. Vinstri Græn eru ekki lengur þingflokkur. Þeir fá engan fjárhagslegan stuðning frá hinu opinbera. Flokkur fólksins vann góðan sigur. Flokkurinn er helsti talsmaður smábátsjómanna. Um Miðflokkinn þarf ekki að hafa mörg orð. Og helst engin. Þegar þetta er ritað hefur ný ríkisstjórn ekki verið mynduð. Framundan eru mörg mikilvæg verkefni. Í sveitastjórnarmálum er mikilvægt að brjóta vald Sjálfstæðisflokksins á bak aftur. Það vald er misnotað og því fylgir augljós spilling.

Reykjavík, 1. byrjun des. 2024.
Hrafn Arnarson

Kæru Snæfellingar

*Bestu óskir um gleðileg jól
og farsæld og frið á nýju ári.*

*Þökkum góð samskipti á árinu
sem er að líða.*

Opnunartími yfir hátíðirnar:

- 23. des 12-21
- 24. des 11-13
- Virka daga 14-18

Verzlunin Hrund
Ólafsbraut 55 Sími: 436 1165



Síðasti skiladagur fyrir bækur er 10. janúar

Gleðileg bókaþól!

Bókasafn Snæfellsbæjar sendir bestu kveðjur um gleðileg jól og farsælt komandi ár.

Þökkum liðið ár.

Kær kveðja,
bókasafnsvörður

Bókasafnið verður lokað frá 23. desember. Opnar að nýju 2. janúar 2025.

Íbúar hvattir til að næla sér í bók fyrir jólin á opnunartíma 18. og 19. desember.

Opnunartími:

18. des 16:00 - 18:00
19. des 11:00 - 13:00



Grundarfjörður fær veglegan styrk

Grundarfjarðarbær hefur hlotið 334 milljón króna styrk frá Evrópusambandinu til blágrænna fráveitulausna. Þetta verkefni bæjarins er hluti af samstarfsverkefni Umhverfisstofnunar og 22 annarra stofnana og sveitarfélaga undir yfirskriftinni LIFE ICEWATER. Þessi samstarfsaðilar hljóta samtals 3,5 milljarða króna styrk frá Evrópusambandinu til að vinna að fjölbreyttum verkefnum næstu sex árin til að flýta fyrir og bæta innleiðingu vatnaætlunar á Íslandi. Grundarfjarðarbær fær 2,3 milljónir evra að styrk sem samsvarar 334 milljónum íslenskra króna og er þessi styrkur ætlaður til verklegra framkvæmda innanbæjar auk undirbúnings og fræðslu og er framkvæmdatíminn frá 2025 til 2030.

Lengi hefur verið þörf á endurbótum á rúmlega hálfri aldar gömlu fráveitukerfi Grundarfjarðarbæjar en það annar ekki því vatnsmagni sem það streymir. Meginhluti fráveitukerfisins er blandað kerfi þar sem ofanvatni og skólpi er blandað saman. Úrkomutölur gefa til kynna að gríðarlegt vatnsmagn fari í gegnum kerfið en í júlí á þessu ári var mesta úrkomu sem mælst hefur á einum sólarhring í Grundarfirði, 227 mm af regni. Slíkt magn veldur miklu álagi og við erfiðustu aðstæður getur það valdið flóðaástandi í bæjarfélaginu. Það þarf því aðra og umhverfissvænni nálgun og í aðalskipulagi Grundarfjarðarbæjar 2019 til 2039 var mörkuð stefna um blágrænar ofanvatnslausnir til að minnka vatnsmagn í fráveitukerfinu. Blátt tákna vatn og grænt tákna gróður. Blágræn svæði eru því gróður-



svæði sem eiga að taka við regnvatni, betur en önnur græn svæði. Grundarfjarðarbær er fyrsta sveitarfélagið á Íslandi sem setur sér skýra stefnu um innleiðingu slíkra lausna. Frá 2020 hefur bæjarfélagið unnið að því að innleiða þessa stefnu í áföngum en í staðinn fyrir að stækka og leggja fráveitulagnir neðanjarðar er búinn til viðtaki eða farvegur á yfirborðinu og regnvatni beint þangað, til dæmis í sérstök regnbeð eða inn á græn svæði sem geta tekið við meira vatni. Styrkveitingu til Grundarfjarðarbæjar er ætlað að mæta kostnaði við verklegar framkvæmdir sem tengjast fráveitu, með innleiðingu á blágrænum fráveitulausnum og með plöntun og gróðursetningu í blágræn beð, auk undirbúnings. Styrkurinn er einnig fyrir uppbyggingu útivistarsvæða í hluta af Paimpolgarði og Torfabót en þessir staðir verða lykilviðtakar ofanvatns í Grundarfirði. Er þetta dýrmætt tækifæri fyrir Grundarfjarðarbæ til að sinna umhverfisfrankvæmdum og uppbyggingu innviða af enn meiri krafti en áður. Meðfylgjandi mynd er frá því í júlí 2024 þegar úrkomumet mældist í Grundarfirði.

SV



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Pakkir til kjósenda



Kæru íbúar og kjósendur í Norðvesturkjördæmi,

Við frambjóðendur Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi viljum nota þetta tækifæri til að koma á framfæri okkar innilegustu þökkum fyrir þann mikla stuðning og hvatningu sem þið hafið sýnt Samfylkingunni í nýafstöðnum kosningum. Ykkar traust er dýrmætt og knýr okkur áfram í baráttunni fyrir betra samfélagi. Samfylkingin bætti verulega við sig í kosningunum og fékk einn þingmann kjörinn í kjördæminu.

Kosningabaráttan var snörp og málefnaleg, og viljum við þakka frambjóðendum annarra flokka fyrir góða viðkyrningu, með von um gott samstarf.

Áskoranirnar sem við stöndum frammi fyrir í Norðvesturkjördæmi eru margvíslegar. Eftir fjölmörg samtöl við ykkur kjósendur

er ljóst að nokkur lykilmál standa upp úr hvar sem komið er í okkar víðfema kjördæmi. Samgöngur, heilbrigðisþjónusta, orkumál og efnahagslegar áskoranir. Það jafnframt mikil eftirspurn eftir raunverulegri byggðastefnu sem styður við blómlegar byggðir og tryggir að ungt fólk geti séð framtíð sína í kjördæminu.

Við lítum til framtíðar með bjartsýni að leiðarljósi. Við hlökkum til að halda áfram samtalinu og leita lausna við að bæta samfélagið.

Að lokum viljum við óska ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegra jóla og farsæls nýs árs. Megi komandi tími færa ykkur gleði og góðar stundir.

Með kærri þökk og hlýjum kveðjum,

Frambjóðendur Samfylkingarinnar í
Norðvesturkjördæmi



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímapantanir í síma 436-1111

Gjaldskrá fasteignagjalda í Snæfellsbæ

Álagning fasteignagjalda byggir á fasteignamati húsa og lóða í Snæfellsbæ, sem tekur meðal annars mið af stærð þeirra, notkun og lóðarhlutastærð. **Álagningarstofninn er fenginn frá Þjóðskrá Íslands 31. desember ár hvert auk þess sem fasteignaskattur leggst á nýjar lóðir og ný mannvirki í hlutfalli við ársálagningu frá næstu mánaðarmótum eftir að þau eru skráð og metin í Fasteignaskrá.** Fasteignaskattur fellur niður næstu mánaðamót eftir að mannvirki er afskráð í Þjóðskrá Íslands. Byggingarfulltrúi sendir Þjóðskrá Íslands upplýsingar og gögn um nýbyggingar, viðbyggingar, eldri byggingar sem er breytt, hús sem eru rifin og aðrar viðeigandi upplýsingar. Eigendaskráning húsa og lóða er í höndum Sýslumannsins á Vesturlandi og er hún í samræmi við þinglýst skjöl/gögn. Allar þessar upplýsingar eru notaðar við álagningu fasteignagjalda, leiðréttingar, reikningagerð og innheimtu sem fer fram hjá Snæfellsbæ

Fasteignagjöld íbúðarhúsnæðis: A-skattflokkur

Fasteignaskattur – A-flokkur	0,44%	af fasteignamati
Lóðarleiga – A-flokkur	1,80%	af lóðarmati
Vatnsgjald – A-flokkur	0,21%	af fasteignamati
Fráveitugjald – A-flokkur	0,11%	af fasteignamati

Sorpgjöld, rúkkúð með fasteignagjöldum, eru í sér gjaldskrá

Fasteignagjöld á annað húsnæði: B- og C-skattflokkur

Fasteignaskattur – B-flokkur	1,32%	af fasteignamati
Fasteignaskattur – C-flokkur	1,55%	af fasteignamati
Lóðarleiga – B- og C-flokkur	2,50%	af lóðarmati
Vatnsgjald – B- og C-flokkur	0,45%	af fasteignamati
Fráveitugjald – B- og C-flokkur	0,20%	af fasteignamati

Í **A-flokki** eru íbúðir, íbúðarhús, sumarhús, útihús og mannvirki á bújörðum tengd landbúnaði.

Í **B-flokki** eru opinberar byggingar. Í **C-flokki** eru allar aðrar byggingar.

Aukavatnsskattur fer úr 31 krónum í 33 per rúmmeter. Það er hækkun um 6,5% milli ára.

Veittur er afsláttur af **fasteignaskatti** til þeirra elli- og örorkulífeyrisþega sem búa í eigin íbúð. Miðast afslátturinn við eftirfarandi tekjumörk liðins árs og er hámarksafsláttur kr. 150.000.-

ATH: afsláttur og tekjumörk hækka miðað við hækkun á launavísitölu.

100% lækkun

Einstaklingar með heildarárstekjur allt að 5.900.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur allt að 9.200.000 krónur

75% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu 5.900.001 - 6.600.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur á bilinu 9.200.001 - 9.900.000 krónur

50% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu 6.600.001 – 7.200.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur á bilinu 9.900.001 - 10.500.000 krónur

25% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu 7.200.001 - 7.800.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur á bilinu 10.500.001 - 11.100.000 krónur

Við álagningu fasteignagjalda er afslátturinn reiknaður út frá álagningu 2024 vegna skatttekna ársins 2023, þ.e. samtalan af stofni til útreiknings tekjuskatts og útsvars (reitur 2.7) og fjármagnstekjum samtals(reitur 3.10.)

Gjald dagar fasteignagjalda eru 10: 1. febrúar og síðan 1. hvers mánaðar (mars – nóvember)

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga ef ekki er greitt fyrir eindaga.

Veittur er 3% staðgreiðsluafsláttur ef gjöldin eru greidd í heild sinni fyrir 15. mars 2025.

Hægt er að ganga frá staðgreiðslu með því að draga 3% frá heildarálagningu gjaldanna og leggja inn á banka: 0190-26-4240, kt.: 510694-2449.



Á EFTIR AÐ KLÁRA SÍÐUSTU PAKKANA?

Kíktu til okkar og athugaðu hvort við getum hjálpað.



.origo.

- Sjónvörp
- Hljóðstangir
- Hátalarar
- Bose heyrnatól
- Sony heyrnatól
- Lenovo fartölvur



- Apple TV
- AirTag
- AirPod
- iPad

ORMSSON

- Heimilistæki
- Sjónvörp
- Heyrnartól frá B&O
- Leikjaheyrnatól
- Snjallsímar
- Google Nest netlausnir

DIDRIKSONS

- Vindjakkar
- Snjóboxur
- Vindboxur
- Barnavettlingar

CINTAMANI

- Flísvettlingar
- Lúffur fyrir börn
- Lúffur fyrir fullorðna
- Húfur



- Hettupeysur
- Stuttermabolir
- Regnfatnaður
- Ullarsokkar
- Vinnusokkar
- Kuldagallar

DEVOLD

- Ullarnærfatnaður

Í heita pottinn

- Síur
- Salt
- Klór
- Ýmis hjálparefni

*Við óskum þér og þínum
gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári,
með þökk fyrir viðskiptin á árinu.*

Opið virka daga 8-17

Föstudaga 8-16

Porláksmessa 8 - 17

Aðfangadag LOKAÐ



Sími 436 1214

HAMPIÐJAN

Verzlun - Ólafsbraut 19, Ólafsvík

olafsvik@hampidjan.is